



Ritrýnd grein birt 15. september 2011

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir

Skaðleg karlmennska?

Greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*

„Þú þarft að þrifa húðina, lykta vel, plokka augabryrnar, snyrta neglurnar, vera tónaður, tanaður og kjótaður. Einungis ÞÁ ertu orðinn alvöru maður!“

Í þessari rannsókn er reynt að fanga þá karlmennskuhugmynd sem Egill Einarsson íþróttufræðingur heldur á lofti og skoða hana í ljósi fræðilegra kenninga um karlmennsku og valdatengsl í samfélaginu. Kenningar um þróun karlmennskuhugmynda gera ráð fyrir að karlmennska sem hampað er í fjölmiðlum geti haft áhrif á hugmyndir stráka um karlmennsku. Fjölmiðlar hafa hampað karlmennskuhugmynd Egils og þar með aukið lögmæti hennar. Helstu niðurstöður eru þær að líklega hafi áhrif karlmennskuhugmyndar Egils verið vanmetin. Hún hafi alla burði til þess að hafa mótandi áhrif. Eitt einkenni hennar er áhersla á útlit og umhirðu líkamans sem hefðbundið telst kvenleg. Til að vega á móti því kvenlega er ofuráhersla lögð á fjölda kynferðislegra sigrar, stjórnun líkama og tilfinninga auk undirskipunar annarra samfélagshópa. Innan orðræðunnar rúmast ekki virðing, ást, umhyggja og samskipti á jafningjagrundvelli. Karlmennskuhugmynd Egils virðist því líkleg til að stuðla fremur að skaðlegri karlmennsku og vinna þar með gegn þróun í jafnréttisátt.

Ásta Jóhannsdóttir er mannfræðingur og doktorsnemi í félagsfræði við Háskóla Íslands. Kristín Anna Hjálmarsdóttir er BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, meistaranemi í kynjafræðum við Háskóla Íslands og kennari.

Harmful Masculinity: Discourse Analyses of the book *Mannasiðir Gillz*

The aim of this research is to define characteristics of the masculinity promoted by Egill Einarsson alias Gillz and analyze them based on theories of masculinity and power relations. Theories of masculinity assume that ideas of masculinity promoted in the media can affect young boys and their ideas about masculinity. The Icelandic media has promoted Egill's idea of masculinity and thereby legitimized it. The main conclusions are that Egill's idea of masculinity has great potential to influence young people and its effect has been underestimated. Egill's idea of masculinity focuses on physical appearance and personal hygiene. To offset femininity there is extreme focus on sexual conquests, physical control and suppression of emotions, and also the subordination of other groups. In this discourse there is no room for respect, love, care or communication on an equal basis. Therefore, Egill's idea of masculinity appears to promote harmful masculinity and undermine social and gender equality.

Ásta Jóhannsdóttir is an anthropologist and a doctoral student in sociology at the University of Iceland. Kristín Anna Hjálmarsdóttir is a teacher, BA in PPE (philosophy, politics and economics) and a masters student in gender studies at the University of Iceland.

Inngangur

Í þessari grein verður leitast við að greina þá orðræðu um karlmennsku sem Egill Einarsson notar í bók sinni *Mannasiðir Gillz* (2009). Bókin og önnur verk Egils hafa fengið mikla fjölmiðlaathygli. Rannsóknir á karlmennskuhugtakinu byggjast á mótunarhyggjukenninum sem gera ráð fyrir að hugmyndir um karlmennsku og kvenleika séu breytilegar. Kyngervi og sjálfsmyndir séu fljótandi og taki breytingum eftir tíðaranda og umhverfi. Mjög góðar viðtökur almennings á verkum Egils gefa tilefni til að velta fyrir sér hvort sú karlmennska sem þar er haldið á lofti hafi mótunaráhrif á karlmennskuhugmyndir ungra stráka en einnig hvort karlmennskuhugmyndir Egils geti haft áhrif á karlmennskuhugmyndir sem fræðimenn á borð við Connell og Ingólf Ásgeir Jóhannesson telja að geti stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna og réttlátara samfélagi.

Til að kennarar og foreldrar geti haft áhrif á karlmennsku- og jafnréttishugmyndir ungra stráka hlýtur að vera nauðsynlegt að þekkja þá orðræðu sem einkennir eftirsóknarverðar tegundir karlmennsku. Þær rannsóknarspurningar sem leitast er við að svara eru þrjár:

- Hvaða hugmyndir um karlmennsku birtast í bókinni *Mannasiðir Gillz*?
- Hvaða áhrif gætu þær haft á þróun karlmennskuhugmynda ungra drengja?
- Á hvern hátt gætu þær unnið gegn jafnréttishugmyndum?

Markmiðið er að skoða karlmennskuhugmyndir Egils Einarssonar í ljósi fræðilegra kenninga um karlmennsku. Fyrst verður gerð grein fyrir þeim kenningum um karlmennsku og valdatengsl milli kynjanna sem stuðst er við, orðræða skilgreind og aðferðafræði útskýrð. Því næst er fjallað um höfundinn og framsetningu boðskapar hans og bókin *Mannasiðir Gillz* orðræðugreind. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman og ræddar.

Fræðilegur bakgrunnur

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) segir í bók sinni *Karlmennska og jafnréttisuppeldi* að til að gagnrýna hið viðtekna þurfi að nálgast viðfangsefnið frá póststrúktúralísku sjónarhorni. Það sjónarhorn byggist á því að hugmyndir og hugmyndakerfi mótist í sögulegu samhengi og að tengsl einstaklinga og hópa skipti máli. Þekking sé félagsleg afurð (eða félagslegur sannleikur) og óstöðug í eðli sínu. Þekking í þessum skilningi er þá allt sem við vitum eða teljum okkur vita. Dæmi um slíkt væri breytt viðhorf til hæfni kvenna til að taka þátt í stjórnámálum. Þessi félagslega þekking eða sannleikur endurspeglast í orðræðunni, t.d. í því hvað við orðum eða orðum ekki og hvernig við orðum það. Póststrúktúralistar hafna eðlishyggjukenninum um tiltekið eðli karla og kvenna og telja, svo dæmi sé tekið, að verkaskipting kynjanna og hugmyndir okkar um karlmennsku og kvenleika séu félagsleg og söguleg fyrirbrigði sem hafi orðið til við pólitísk átök. Sumir póststrúktúralistar láta sér nægja að gagnrýna hið viðtekna en markmið gagnrýni femínískra póststrúktúralista er að vinna að samfélagslegum breytingum (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Þetta viðhorf er í raun upphafspunktur þessarar rannsóknar enda markmið hennar að gagnrýna þá karlmennskuhugmynd sem Egill Einarsson hefur haldið á lofti og fjölmiðlar hafa hampað mjög undir þeim formerkjum að um græskulaust grín sé að ræða.

Gerð verður í stuttu máli grein fyrir þeim kenningum sem liggja til grundvallar rannsókninni. Fyrst og fremst er haft í huga að meginþema rannsóknarinnar er

karlmennska. Þá verður fjallað um orðræðu og hvernig við bárum okkar að við orðræðugreiningu bókarinnar *Mannasiðir Gillz*. Að lokum er fjallað um höfundinn og tekist á við spurninguna um grín eða alvöru.

Eðlis- eða mótunarhyggja?

Í gegnum tíðina hefur verið tekist á um það hvort mismunandi hegðun kynjanna sé tilkomin vegna ólíks eðlis karla og kvenna, hina svokölluðu tvíhyggju (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Hvort kynið á að vera fulltrúi ákveðinna eiginleika og sundurgreining kynjanna gerir það að verkum að þau mynda andstæður sem geta af sér hugtakapör. Dæmi um slíkt er: karlmennska og kvenleiki, skynsemi og tilfinningar, hugur og líkami. Karlar eru þá karlmannlegir og fulltrúar skynsemi og hugar á meðan konan er kvenleg og tengist náttúrunni í gegnum líkama sinn og er tilfinningavera (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Enn eimir eftir af þessum hugmyndum í samfélaginu. Auk þess er vert að hafa í huga að þeir eiginleikar sem eignaðir hafa verið körlum hafa venjulega skipað æðri sess í samfélaginu og eru því eftirsóknarverðari. Til dæmis þykir það betra við ákvarðanatöku að stjórnast af skynsemi fremur en tilfinningum. Karlmannlegir eiginleikar eru því viðmiðið og talað er um þau sem karllæg vegna þess að þau eru sögulega séð tengd kyngervi karla (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Á seinni hluta tuttugustu aldar komu aftur á móti fram kenningar sem höfnuðu hugmyndum um eðli kynjanna. Þær kenningar gengu út frá því að kyn væri menningarlega- og félagslega mótað. Þetta eru svokallaðar mótunarhyggjukenningar. Franski rithöfundurinn og heimspekingurinn Simone de Beauvoir var frumkvöðull á þessu sviði. Í bók sinni *Hitt kynið (Le deuxième sex)*, sem út kom árið 1949, spyr hún alveg nýrrar spurningar: „Hvað er kona?“ (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 25). Hún kemst að þeirri niðurstöðu að eiginleikar konunnar verði til sem viðbrögð við aðstæðum. Það að vera með leg geri konur ekki að konum heldur væntingar samfélagsins til þeirra sem kvenna (Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999). Mótunarhyggjukenningar grundvallast á þeirri hugmynd að samfélagið móti kynin með ólíkum hætti og viðhaldi þeirri mótun. Kyn í þessum skilningi er því ekki eðlislegt heldur mótanlegt og breytanlegt. Því er nauðsynlegt að greina á milli kyns (e. sex) og kyngervis (e. gender) í fræðilegri umræðu. Kyn er því skilgreint sem líffræðilegt kyn en kyngervi sem félagslegt kyn. Félagslegt kyn vísar til þeirra væntinga sem samfélagið hefur til þess hvað einkenni karla og konur (sjá t.d. Francis, 2006, Paechter, 2007 og Guðnýju Guðbjörnsdóttur, 2007). Væntingarnar geta til dæmis tekið til þess hvernig karlar og konur eigi að hegða sér, klæða sig og við hvað þau eigi að vinna.

Karlmennska og kvenleiki eru birtingarmyndir félagslegra væntinga. Væntingarnar geta verið mismunandi milli menningarhópa og menningarheima og tekið breytingum í tímans rás. Þess vegna er iðulega talað um margs konar karlmennsku og kvenleika. Aðalatriðið er að mótunarhyggjukenningar, öfugt við eðlishyggjukenningar, gera ráð fyrir að hægt sé að móta það sem við köllum eðli karla og kvenna.

Kynjakerfið

Hugtakið kynjakerfi er eitt þeirra hugtaka sem notað er til að skýra valdatengslin milli karla og kvenna í samfélaginu. Enski félagsfræðingurinn Sylvia Walby (1990) hefur skilgreint kynjakerfið sem félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipan kvenna. Það þýðir meðal annars að karlar séu í valdameiri stöðum í samfélaginu og hafi hærri laun vegna þess að karlmannlegir eiginleikar þyki verðari og hefðbundin störf karla samfélagslega mikilvægari. Hún ítrekar þó að það þýði ekki að hver einasti karl njóti valda kyns síns vegna eða að allar konur séu undirskipaðar vegna þess að þær séu konur. Kynjakerfið sé ekki afmarkað og sérstætt kerfi heldur samvinnist það öðrum valdakerfum, svo sem stéttaskiptingu og kynþáttakúgun.

Walby (1990) aðgreinir svið samfélagsins í tvennt: opinbera sviðið og einkasviðið. Hún segir kynjakerfið hafa verið sterkast á einkasviðinu framan af 20. öld en eftir að konur fengu formleg réttindi á við karla, hafi meginuppspretta valds flust yfir á opinbera sviðið (Þorgerður Einarsdóttir, 2006; Walby, 1990). Sú þróun mála er rakin til aukinnar atvinnuþátttöku kvenna sem hafði í för með sér aukið efnahagslegt sjálfstæði þeirra. Það veikti yfirskipan karla á einkasviðinu og því hafi meginuppspretta valds flust yfir á opinbera sviðið.

Samkvæmt kenningum Walby (1990) birtist kynjað vald á sex sviðum: á vinnumarkaði, í fjölskyldu, menningu, kynverund, ofbeldi og hjá ríkinu. Á vinnumarkaði birtist kynjaða valdið t.d. í kynskiptum vinnumarkaði þar sem kynin gegna iðulega ólíkum störfum, kvennastörf eru minna metin en hefðbundin störf karla og kynbundinn launamunur viðgengst enn (Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004). Auk þess sem konur eru fáséðar í æðstu stjórnunarstöðum (Jafnréttisstofa, Hagstofa Íslands, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010). Á heimilum birtist það meðal annars í því að konur bera að stærstum hluta ábyrgð á heimili og barnauppleði þrátt fyrir að vinna fulla vinnu utan heimilis eins og karlar (Forsætisráðuneytið, 2004). Kynjað vald í menningu kemur meðal annars fram í því að í fjölmiðlum, auglýsingum, bókum, tímaritum og kvikmyndum birtast ýktar og staðlaðar kynjaímyndir auk þess sem menningarmiðlar endurspeglar stöðuna og orðræðuna af öðrum sviðum. Í klámiðnaðinum eru konur iðulega hlutgerðar og lítilsvirtar. Skilaboðin komast út í samfélagið með klámvæðingunni sem felst í því að myndir eða tilvísanir í klám verða hluti af daglegu umhverfi okkar, til dæmis í dægurlagatextum og auglýsingum (Sørensen, 2003). Ofbeldi er enn ein uppspretta kynjaðs valds. Dæmi um slíkt er að karlar eru að miklum meirihluta gerendur, ekki síst í nauðgunar- og heimilisofbeldismálum (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Kynjað vald hjá ríkinu birtist meðal annars í valdamisræmi milli kynjanna. Árið 2010 unnu álíka margar konur og karlar við opinbera stjórnsýslu. Karlar eru hins vegar oftari í áhrifameiri stöðum en konur (Jafnréttisstofa, Hagstofa Íslands, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010).

Það er nokkuð ljóst að fullkomið jafnrétti milli karla og kvenna getur ekki náðst nema kynjakerfið hrynji. Gerðar hafa verið tilraunir til að styrkja stöðu kvenna með því að tryggja þeim formleg réttindi eins og kosningarétt og menntun. Connell (1995) hefur á hinn bóginn bent á að karlar hafi mikilla hagsmuna að gæta í kynjakerfinu. Breytingar á kynjakerfinu sem dragi úr völdum karla höfði ekki til þeirra af þeirri einföldu ástæðu að þær séu þeim ekki til hagsbóta. Til að árangur náist þurfi því að vinna að breytingum á karlmennskuhugmyndum.

Karlmennska

Hugtakið karlmennska er annar helmingur tvíhyggjuparsins karlmennska/kvenleiki þar sem körlum og konum er stillt upp sem andstæðum. Það á því rætur sínar að rekja til eðlishyggjukenninga. Karlmennska og kvenleiki skilgreina, almennt séð, hvað það er sem gerir karla að körlum og konur að konum. *Íslensk orðabók* (Árni Böðvarsson, 1983) skilgreinir karlmennsku sem: „manndómur, hreysti, dugnaður, hugrekki.“ (bls. 483). Hér er karlmennska eingöngu skilgreind út frá „jákvæðum“ eiginleikum. Aðrar skilgreiningar á karlmennsku geta hins vegar líka falið í sér neikvæða eða jafnvel „hlutlausa“ eiginleika eða viðhorf (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Karlmennska er því gildishlaðið hugtak. Í orðræðu um karlmennsku og kvenleika má iðulega greina ákveðin þrástef. Þrástef eru endurteknar staðhæfingar sem festa ákveðin viðhorf í sessi með endurtekningunni (Fulcher, 2005). Í þessum þrástefjum tengist karlmennska líkamlegum styrk, íhygli, sjálfsaga, rökvísi, hlutlægni og samkeppni og kvenleikinn þá andstæðunum, litlum líkamsburðum, tjáningu, tilfinningum og umhyggju.

Eins og rætt var um í kaflanum Eðlis- eða mótunarhyggja? er það almennt samþykkt í fræðasamfélaginu að karlmennska sé félagslega mótuð í menningarlegu og félagslegu samhengi. Þess vegna er eðlilegt að á sama tíma séu í gangi ólíkar hugmyndir um karlmennsku. Connell (1995), sem mikið hefur fjallað um karlmennskuhugtakið, telur að líkt og í kynjakerfinu sé valdakerfi við lýði innan karlmennskunnar. Það þýðir þó ekki að valdakerfi karlmennskunnar sé beint framhald af kynjakerfinu. Horfa verði á það sem sjálfstætt valdakerfi sem samtvinnist kynjakerfinu líkt og hugmyndir Walby gera ráð fyrir. Vegna valdastrúktúrs innan karlmennskunnar þykja sumar hugmyndir um karlmennsku því eftirsóknarverðari en aðrar. Í fræðasamfélaginu hafa þær verið aðgreindar frá öðrum tegundum karlmennsku með enska hugtakinu *hegemonic masculinity* (Connell, 1995). Það hefur verið þýtt á íslensku ýmist sem *ríkjandi karlmennskuhugmyndir* (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010), *viðteknar hugmyndir um karlmennsku* (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 60), eða einfaldlega *ríkjandi karlmennska*. Hér á eftir verður síðastnefnda hugtakið notað. Höfundar telja það bæði þjált og lýsa best þeim stigveldishugmyndum sem kenningar um karlmennsku byggjast á.

Ríkjandi karlmennska

Antonio Gramsci (1971) skilgreindi hugtakið *hegemony* sem yfirburði einhvers hóps sem sýnir vald sitt á tvo vegu. Annars vegar með því að stýra og hins vegar með því að vera leiðandi. Hópurinn sýnir fram á yfirráð yfir óvinum (e. enemies) sínum en leiðir fylgjendur sína áfram. Ríkjandi hópurinn reynir alltaf að réttmæta vald sitt með samþykki hlutans. Samþykkið kemur fram í almenningsálitinu eins og það birtist í fjölmiðlum og menningu.

Connell (1995) er einn þekktasti frumkvöðullinn í rannsóknum á ríkjandi karlmennsku og lítur á hana sem eftirsóknarverðustu karlmennskuna á hverjum tíma og stað. Hún þarf ekki að vera normið, þ.e. að meirihluti karlmanna uppfylli kröfu um ríkjandi karlmennsku, en hún er það sem flestir karlar miða sig við. Þeir velja sér þá staðsetningu innan orðræðunnar um karlmennsku sem best hjálpar þeim að komast hjá kvíða og að upplifa sig valdalaus. Ríkjandi karlmennska birtist því ekki sem hrein og skýr og aðskilin frá öðrum hugmyndum um karlmennsku heldur skarast þær. Skörunin er hluti af þróunarferli karlmennskunnar og getur bæði verið jákvæð og neikvæð.

Rannsóknir Connell (1995) hafa sýnt að hugmyndir um karlmennsku, þar með talið ríkjandi karlmennsku, eru nærmar fyrir gagnrýni og laga sig iðulega að henni ef mótstaðan er nógu öflug. Ríkjandi karlmennska réttlætir hugmyndafræðilega að konur séu undirskipaðar körlum innan kynjakerfisins (Connell, 1995). Innan þess hafa karlar völd og njóta forréttinda sem þeir vilja ekki láta af hendi. Aðlögunin verður því alltaf þannig að völd tapist ekki innan kynjakerfisins (Connell og Messerschmidt, 2005). Það er í samræmi við áður nefndar niðurstöður Walby um að uppspretta valds geti flust til við samfélagslegar breytingar.

Skaðleg karlmennska

Connell (1995) telur að ríkjandi karlmennska sem byggist á undirskipan kvenna geti ýtt undir hegðun og viðhorf sem valdi körlum margvíslegum skaða og kemur í veg fyrir jafnrétti og félagslegt réttlæti. Það sé því til mikils að vinna og körlum til raunverulegra hagsbóta að ýtt sé undir karlmennskuhugmyndir sem valdi þeim ekki skaða og stuðli að réttlátara samfélagi. Í sama streng tekur Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). Í bók sinni *Karlmennska og jafnréttisuppeldi* tiltekur hann einkum tvennt í ríkjandi karlmennskuhugmyndum sem telja megi skaðlegt körlum. Annars vegar beinir hann sjónum að beinu og óbeinu kynbundnu ofbeldi. Undir beint ofbeldi flokkar hann barsmíðar og nauðganir og undir óbeint ofbeldi gróft tal karla um konur sem kynverur, klám og klámvæðingu. Klámvæðing birtist meðal annars sem óbein eða bein tilvísun í klám í auglýsingum, í

tónlistarmyndböndum, tískufatnaði, dægurlagatextum og töluðum orðum, svo fátt eitt sé nefnt. Birtingarmyndir kynbundinnar valdbeitingar hafi það að markmiði að styrkja í sessi undirskipan kvenna. Það telur hann ekki fara saman með hugmyndum um réttlátt jafnréttissamfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu, samhygð og tilfinningatengslum. Aftur á móti telur Ingólfur að viðtekna hugmyndir um karlmannleg og kvenleg störf og virði þeirra geti skaðað karla. Karlar séu fastir í fyrirvinnuhlutverkinu og viðtekna hugmyndir um karlmennsku takmarki raunverulegt frjálst val þeirra á námi, störfum og hlutverkum innan fjölskyldunnar. Hvort tveggja telur Ingólfur að hindri að jafnrétti og félagslegt réttlæti náist.

Gagnkynhneigð karlmennska hefur í gegnum tíðina einkennst af lítilli áherslu á útlit en meira af hörku og tilfinningalegri fjarlægð. Þessi tegund karlmennsku hefur að hluta til vikið fyrir því sem stundum er kallað metró-karlmennska. *Metrómaðurinn* svokallaði er ein af póst-móðernískum birtingarmyndum karlmenskunnar sem ögra viðteknum hugmyndum um karlmennsku. Hann er gagnkynhneigður, lætur sig útlitið miklu skipta og er óhræddur við að sýna á sér kvenlegri hliðar. Hann er siðfágaður og kann vel að meta fallett umhverfi og góðan mat og drykk og er óhræddur við að baða sig í aðdáun bæði karla og kvenna. Margir frægir karlar tengjast þessari tegund karlmennsku, til dæmis fótoltakempan breska, David Beckham (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2004). Fjölmíðlar hafa átt mikinn þátt í að halda þessari karlmennskuímynd á lofti og styrkja hana. Þeir karlar sem hafa tileinkað sér hana virðast margir hverjir ekki tapa völdum við það. Það er reyndar spurning hvort þeir komist upp með að vera metrómenn vegna þess að karlmennskuímynd þeirra byggir fyrst og fremst á öðrum þáttum eins og peningum, frægð, einstakri færni eða jafnvel líkamlegum styrk. Dæmi um aðrar hugmyndir um karlmennsku sem ríkjandi hafa verið á undanförunum árum eru þær sem kenndar eru við nýfrjálshyggjuna. Connell (1995) segir að þótt þær séu að mörgu leyti ólíkar þá hafi þær ýmis sameiginleg einkenni. Meðal þeirra er mikil áhersla á tilfinningalega fjarlægð, ögun drengja og aðskilnað forréttindahópa frá fjöldanum. Ekki er efast um að alvöru karlmenn hafi yfirburði og eigi forréttindi sín skilin. Connell hefur meðal annars rannsakað sérstaklega það sem hann kallar viðskiptakarlmennsku í hnattvæddum heimi. Einkenni þeirrar karlmennsku rekur Connell til ööryggis og kvíða sem háttsettir menn í viðskiptaheiminum finni fyrir samfara breyttum áherslum og kröfum í hnattvæddum heimi viðskipta. Þar þykja meðal annars kvenlegir eiginleikar eins og aðlögunarhæfni eftirsóknarverðir. Þetta valdi ööryggi og kvíða sem þeir reyni að vinna gegn með því að stjórna líkama sínum og tilfinningum á sama hátt og fyrirtæki (Connell, 2005).

Styrking karlmenskunnar

Ýmsar stofnanir samfélagsins gegna mikilvægu hlutverki við að styrkja ríkjandi karlmennskuímynd, bæði innan kynjakerfisins og innan valdakerfis karlmenskunnar. Oft eru þessi gangverk nær ósýnileg og smjúga því alls staðar inn. Þar eru fjölmíðlar, kirkjan og ríkisvaldið sterkir áhrifavaldar (Connell og Messerschmidt, 2005). Það sama má segja um stofnanir eins og íþróttafélög. Nýlegt dæmi er ákvörðun stjórnar Alþjóðabadminton-sambandsins að skikka konur til að klæðast pilsum á vellinum í þeim tilgangi að gera badmintonkonur kvenlegri og auka þannig áhorf á íþróttina (Vísir, 2011). Kynjuð íþróttumfjöllun er annað dæmi þar sem karlkyns íþróttamönnum er hampað sem hetjum á meðan kvenkyns íþróttamenn og íþróttir kvenna fá yfirleitt bæði minna rými og ólíka umfjöllun (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2006). Dæmin eru fjölmörg en aðalatriðið er að vald fjölmíðla er mikið og þeir geta með vali á umfjöllunarefni, nálgun og framsetningu ráðið miklu um það hvað við hugsum og hvernig (MaCombs og Reynolds, 2002). Þannig er hægt að byggja upp ríkjandi karlmennsku sem þarf ekki endilega að endurspeglar þann raunveruleika sem karlar búa við. Það sem gerir þessar karlmennskuhugmyndir lokkandi er kannski ekki síst að þær byggjast á hugmyndum, löngunum og þrám sem ríkjandi eru í samfélaginu (Connell og Messerschmidt, 2005). Þeir eru örugglega margir strákarnir eða

karlarnir sem vildu gjarnan líkjast David Beckham eða jafnvel Agli Einarssyni ræktarmanni og höfundi *Mannasiða Gillz*. Styrking karlmenskunnar getur einnig falist í því að ítreka undirskipan annarrar karlmennsku til dæmis með uppnefnum (Connell og Messerschmidt, 2005). Dæmi um slíkt væri að kalla homma viðrini eða þá sem þykja kjarklausir eða lítt karlmannlegir kerlingar. Þannig er undirskipan þessara hópa staðfest og ítrekuð.

Orðræða og orðræðugreining

Jean Carabine (2001) skýrir hugtakið orðræðu sem það hvernig talað er um viðfangsefni eða umræðuefni í ræðum, textum, skrifum og í gegnum það sem við framkvæmum (e. through practice). Hún segir að samspil þessara ólíku og stundum mótsagnakenndu leiða til að tala um viðfangsefni byggji upp mynd eða framsetningu á viðfangsefninu eða umræðuefninu. Orðræða er því skapandi, það er hún skapar þær hugmyndir sem hún „talar“ um, svo sem hugmyndir okkar um geðveiki, kynhneigð eða í þessu samhengi hér hugmyndir um karlmennsku. Orðræða er einnig skapandi að því leyti að hún hefur valdaáhrif eða afleiðingar. Hún skilgreinir og staðfestir félagslegan sannleika líðandi stundar eins og sanna karlmennsku hér og nú.

Orðræðugreining til gagnaöflunar felst í að rýna í merkingu ákveðinna orða og kanna hvernig val á orðum virðist þjóna ákveðnum tilgangi. Skoðað er hvernig orðaval endurspeglar ákveðin hugmyndakerfi og sýn á heiminn. Greiningin gengur einnig út á að finna þrástef í orðræðunni og draga fram mögulegar afleiðingar hennar. Fjarverandi orðræða skiptir einnig máli. Þá er átt við það sem ekki finnst í orðræðunni en eðlilegt þætti að finna (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006; Carabine, 2001). Í orðræðu þess sem segist til dæmis bera virðingu fyrir konum myndi þykja eðlilegt að finna einhvers konar staðfestingu á því.

Mismunandi er hvernig orðræðugreining er unnin en hér var sótt í smiðju Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2006) og Jean Carabine (2001). Greiningin var unnin í nokkrum þrepum. Byrjað var á því að velja viðfangsefnið, karlmenskuhugmyndir Egils Einarssonar og möguleg áhrif þeirra. Í því samhengi kynntum við okkur kenningar um karlmennsku, mótunar- og eðlishyggju og kynjakerfið sem höfðum til hliðsjónar við greiningu. Til að takmarka umfang greinarinnar er einungis eitt rit *Mannasiðir Gillz*, eftir Egil, auk tengds efnis í fjölmiðlum og vefmiðlum, svo sem blogg, myndefni og viðtöl við höfundinn. Þetta efni kynntum við okkur mjög vel. Í vinnuferlinu voru þrástef orðræðunnar dregin fram sem og fjarverandi orðræða og mótsagnir. Þá voru áttapunktur í orðræðunni skilgreindir. Í því fólst að greina þær hugmyndir sem að baki liggja um karlmennsku og kvenleika, kynhneigð, stétt og svo framvegis. Að lokum reyndum við að gera okkur grein fyrir áhrifum orðræðunnar með hliðsjón af þeim fræðilegu kenningum sem lagðar voru til grundvallar.

Mannasiðir Gillz

Egill Einarsson er menntaður íþróttifræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og þekktur sem einkaþjálfari og talsmaður heilbrigðs lífsstíls. Hann hefur gefið út þrjár bækur um líkamsrækt, heilbrigðan lífsstíl og mannsiði auk þess að skrifa fjölda pistla á netinu og í ýmis blöð, mæta í vinsæla íslenska spjallþætti og taka þátt í vinsælum sjónvarpsþáttum sem byggðir eru á bókinni *Mannasiðir Gillz*. Hann heldur úti eigin heimasíðu, gillz.is og býður upp á einkaþjálfun, meðal annars með fjarþjálfun. Þar er undirsíða sem heitir *Íslensk Öndvegisrit Gillz* (svo) og þar segir:

Á hverjum degi fæðast efnilegir herra menn. Án leiðsagnar og stuðnings eiga þeir það til að breytast í rasshaus. Þykki [Egill] er góðhjartaður maður. Þegar sá Þykki sér rasshaus verða sér til skammar á almannafæri þá vill hann aðstoða hann og beina honum í rétta átt. Sá Þykki trúir því að það sé hægt að útrýma rasshausunum (Egill Einarsson, e.d.) (innskot höfunda).

Þetta er einnig yfirlýst markmið bókar hans *Mannsiðir Gillz* sem kom út fyrir jólin 2009. Hún skiptist í sex hluta: Framkoma og hegðun, Að vera heimsborgari, Úti á lífinu, Útlit og heilsa, Gymmið og mataræðið og Samskipti kynjanna (Egill „Gillz“ Einarsson, 2009). Bókin var ein af mest seldu bókum ársins (Bókafélagið, e.d.) og fengu bæði hún og höfundur hennar mikla athygli fjölmiðla. Það hefur aukið sýnileika höfundar og hugmynda hans um karlmennsku í samfélaginu. Þess vegna er forvitnilegt að skoða orðræðuna í bókinni og greina hvers konar karlmennsku Egill hampar og styrkir enda ljóst að persóna hans og boðskapur, og þar með karlmennska, virðist höfða til margra.

Með orðræðugreiningu bókarinnar öfluðum við gagna um það í hverju karlmennska sannra karlmannna fælist, að mati Egils. Sérstaklega var horft til þeirra þátta í karlmenskunni sem teljast líklegir eða ólíklegir til að viðhalda kynjakerfinu og valdatengslum þeim sem þar eru við líði. Við greininguna komu nokkur þrústef í ljós en mest áberandi var orðræða um karlmennsku Egils í tengslum við aðrar karlmennskuhugmyndir, konur, aðra kynþætti og ofbeldi.

Egill eða Gillz?

Allmargir virðast þeirrar skoðunar að íþróttافرæðingurinn Egill Einarsson og þáttagerðarmaðurinn og rithöfundurinn Gillz séu aðskildar persónur. Það beri því að líta á Gillz fyrst og fremst sem grínista og taka því sem hann segir með þeim fyrirvara. Höfundar veltu því þess vegna vel og vandlega fyrir sér hvort rétt væri að gera greinarmun á Agli Einarssyni íþróttافرæðingi og Agli „Gillz“ Einarssyni höfundi bókarinnar *Mannsiðir Gillz* sem hér er til skoðunar.

Í útdrætti úr viðtali við Egil Einarsson íþróttافرæðing, í Síðdegisúttvarpi Rásar 2, 20. júlí 2009, segir meðal annars:

Egill Einarsson, eða Gillzenegger eins og hann er oftast kallaður, rekur fjarþjálfun en þangað leita börn sem glíma við offitu. Gillzenegger hefur einnig kannað í lokaverkefni sínu í íþróttافرæðum, mataræði og heilsufar barna sem þjálfá mikið – hinn hópinn sem sagt (RÚV, 2009).

Hér gera þáttastjórnendur ekki greinarmun á persónu Egils og Gillz. Þá er spurning hvort Egill geri það sjálfur. Hann starfar meðal annars sem einkaþjálfari hjá Sporthúsinu. Í kynningu á einkaþjálfurum á heimasíðu fyrirtækisins stendur undir mynd af Agli:

Egill Einarsson
Íþróttافرæðingur
netfang: gillz@gillz.is
www.fjarþjalfun.is (Sporthúsið, e.d.).

Þegar heimasíða Fjarþjálfunar, www.fjarþjalfun.is, er skoðuð kemur í ljós að fyrirtækið heitir fullu nafni *Fjarþjálfun Gillz* og þar er netfang þjálfarans hið sama og gefið er upp hjá Sporthúsinu, gillz@gillz.is. Á heimasíðunni kemur einnig fram að:

Egill Einarsson

eigandi og þjálfari [fjarþjalfun.is](http://www.fjarþjalfun.is) hefur verið viðloðandi líkamsrækt í 10 ár og íþróttir allt sitt líf. Hann hefur gefið út bók um líkamsrækt auk þess að hafa skrifað fjölda pistla í hin ýmsu blöð. Egill hefur þjálfað afreksfólk í íþróttum, verið með herþjálfunarnámskeið auk þess að hafa þjálfað fólk á öllum aldri (Fjarþjálfun Gillz, e.d.).

Eins og sjá má telur íþróttfræðingurinn Egill sig vera höfund líkamsræktarbókar. Þegar leitað er á bókasafnsvefnum *gegnir.is* kemur í ljós að eina líkamsræktarbókin, sem út hefur komið eftir Egil Einarsson, er *Biblía fallega fólksins / Gillzenegger* (*gegnir.is*). Augljóst er að Gillz er stytting á nafninu Gillzenegger sem vísað er til í titli umræddrar bókar og íþróttfræðingurinn Egill skilgreinir sem líkamsræktarbók eftir sig. Egill sjálfur virðist því ekki gera greinarmun á íþróttfræðingnum Agli Einarssyni og líkamsræktarmaninum Gillz.

Á veraldarvefnum er að finna fjölmargar slóðir inn á viðtöl eða brot úr sjónvarpsþáttum sem tengjast Agli eða Gillz. Þar á meðal er brot úr viðtalsþættinum *Logi í beinni*. Þar er til umræðu þá nýjasta bók Egils, *Mannasiðir Gillz*. Í þessu broti kynnrir Logi ekki viðmælanda sinn en spyr hvort hann vilji láta kalla sig Gillz, Störe eða Þykka. Stuttu síðar birtist í kynningartexta á skjánum nafnið Egill Gillz Einarsson (Logi Bergmann, 2009). Svipað er uppi á teningnum í viðtali Jóns Ársæls Þórðarsonar við Egil í þættinum *Sjálfstætt fólk*. Kynning þáttarins hljómar á þessa leið: „Hann kallar sig Gillzenegger en í þjóðskránni er hann einfaldlega kallaður Egill Einarsson“ (*Sjálfstætt Fólk með Gillz – Part 1, 2008*). Á sama tíma birtist kynningartexti neðst á skjánum þar sem stendur Egill „Gillz“ Einarsson (*Sjálfstætt Fólk með Gillz – Part 1, 2008*).

Að framansögðu telja höfundar ekki ástæðu til að aðgreina persónu Egils Einarssonar íþróttfræðings og Egils „Gillz“ Einarssonar rithöfundar. Hér eftir verður því notað skírnarnafn höfundar bókarinnar *Mannasiðir Gillz*, Egill.

Grín eða alvara

Allt frá því að Egill fór að vekja athygli í fjölmiðlum með skrifum sínum og ummælum hefur verið um það deilt hvort taka beri orðum hans sem gríni eða alvöru. Honum hefur fyrst og fremst verið brigslað um meinta kvenfyrirlitningu auk þess sem ýmis ummæli hans um femínista hafa þótt niðrandi, særandi og jafnvel hatursfull. Þessari gagnrýni hefur Egill iðulega svarað með því að hann beri virðingu fyrir konum og að femínistar bjóði upp á að skotið sé á þá. Haft er eftir honum í nýlegu viðtali við Pressuna í desember 2010, þar sem til umræðu voru umdeild ummæli hans um femínista, að hann beri virðingu fyrir konum en að hann sé líka „... rithöfundur og húmoristi.“ (Pressan, 2010). Aðspurður um ástæður þess að hann hafi gert femínista að skotspóni sínum segir hann:

„Mér finnst einfaldlega fyndið hvað þær eru geðstirðar og hátíðlegar í fasi, þær bjóða uppá að ég geri að þeim grín. Ég hef enga stjórn á því. En ég geri ekki bara grín að þeim, ég ræð heldur ekki við mig þegar kemur að menningarvitunum sem taka sig ekki síður alvarlega með sína vömb og tjúguskegg ...“ (Pressan, 2010).

Eins og svo oft áður virðist Egill komast upp með að fela sig á bak við grínið og það gerir alla gagnrýni erfiða. Hann fullyrðir að hann beri virðingu fyrir konum þótt margir telji það ekki endurspeglast í verkum hans. Það hlýtur hins vegar að vera umhugsunarefni hvaða tilgangi það þjóni og hvaða afleiðingar það hafi ef grínið byggist alltaf á niðurlægingu tiltekinna hópa og gríninu er hampað af fjölmiðlum og frægu fólki líkt og raunin hefur verið með efni frá Agli.

Angela McRobbie (2009), prófessor við fjölmiðla- og samskiptadeild Goldsmith-háskólans í London, fjallar meðal annars í bók sinni *The aftermath of feminsim* um samfélagsleg áhrif svokallaðra „make-over“ eða „endursköpunarþátta“ í sjónvarpi. Þótt ekki sé um fyllilega sambærilegt umfjöllunarefni að ræða er umræða hennar um samfélagsleg áhrif þáttanna um margt áhugaverð. McRobbie tengir umfjöllun sína við kenningar Bourdieu,

Foucault og Butler um tengsl valda, þekkingar og orðræðu í samfélaginu.¹ Hún leggur áherslu á að þáttastjórnendur hafi stöðu sinnar vegna (þ.e. vegna stéttar sinnar og/eða starfa) öðlast viðurkenningu samfélagsins sem smekkfólk. Gagnrýni þeirra á smekk annarra, þar með talið útlit, talsmáta og lífsstíl, öðlist þannig lögmætingu og því er almennt litið svo á að gagnrýnin eigi rétt á sér. Auk þess sé þáttastjórnendum ekki refsað fyrir það að viðhafa ummæli sem alla jafna þættu fara út fyrir öll velsæmismörk. McRobbie telur jafnvel að vinsældir þáttanna megi einmitt rekja til þess hversu langt er gengið í niðrandi og hatursfullum ummælum um valdaminni og veikari einstaklinga. Hún bendir á að kenningar um valdatengsl geti skýrt hvernig sá (ó)siður að fela niðurlægingu, særandi orð og hatursorðræðu í garð valdaminni og veikari samfélagshópa, á bak við grín, öðlast lögmætingu og breiðist út, langt út fyrir ritstýrða sjónvarpsþætti og jafnvel inn á þau svæði þar sem börn og ungmenni eru að meirihluta þátttakendur „... t.d. á leikvöllum, í skólastofum og í verslunarkjörnum“ (McRobbie, 2009, bls. 135). Jafnvel leikskólabörn geta þá tekið upp haturs- og niðurlægingarorðræðu og komist upp með það á þeim forsendum að allt sé það sagt í gríni.

Á sama hátt má leiða að því líkum að Egill hafi, á grundvelli íþróttamenntunar sinnar, fengið opinbert leyfi til að gagnrýna líkamlegt útlit annarra valdaminni hópa á niðurlægjandi, særandi og hatursfullan hátt. Stofnanir samfélagsins, eins og fjölmiðlar, staðfesta svo þetta leyfi með því að hampa honum, verkum hans og boðskap. Vinsældir efnisins, sem byggjast meðal annars á því að fara yfir strikið í gríninu, ýta svo undir að það verði félagslega samþykkt að tala megi um þá sem ekki uppfylla staðla á lægjandi og hatursfullan hátt án þess að það hafi nokkrar neikvæðar afleiðingar í för með sér. Þetta er jú bara grín.

Þegar þannig er litið á málið skiptir ekki öllu máli í sjálfu sér hvort um grín eða alvöru er að ræða. Hvort tveggja hefur afleiðingar í för með sér. Er ekki spurningin frekar hvort við viljum ýta undir þær samfélagsbreytingar sem lögmæting orðræðu af þessum toga getur haft í för með sér?

Karlmennska Egils

Í bókinni *Mannasiðir Gillz* (2009) hvetur Egill til heilbrigðs lífsstíls og mannasiða. Hann mælir til dæmis með góðri umhirðu húðarinnar, snyrtimennsku í klæðaburði, hreinlæti, lítilli áfengisdrykkju og reykleysi, svo eitthvað sé nefnt. Þetta virðist því vera karlmennska í ætt við metrósexualisma. Sannur karlmaður, samkvæmt Agli, þarf „...að þrifa húðina, lykta vel, plokka augabryrnar, snyrta neglurnar, vera tónaður, tanaður og kjötaður“ (bls. 72). Hann þarf líka að vaxa „... á sér bringuna“ (bls. 71) og fátt er að sögn Egils „... mikilvægara í þessum heimi en að vera með vel rakaðan pung“ (bls. 70). Alvöru karlmenn þekkjast þar með á því að þeir hafa fullkomna stjórn á líkama sínum og útliti hans.

Samskiptin við hitt kynið skipa stóran sess í leiðbeiningunum fyrir „rasshausa“. Alvöru karlmenn eru „sexy“ eða kynþokkafullir við öll tækifæri hvort sem það er á ströndinni eða þegar skipt er um dekk. Mestu skiptir að allt sem alvöru karlmenn gera sé útspekúlerað, æft og undirbúið með það í huga að draga fram kynþokkann og auka líkurnar á að það takist að „lima sig upp“, þ.e. ná sér í hjásvæfu. Fullkomin stjórn á aðstæðum og markviss sókn í gæði er aðalatriðið. Eitt dæmi er lýsing Egils á því hvernig karlmenni bera sig að við leik í keilu:

Ég fer síðan að kúlunum og strýk þeim öllum mjög rólega. Ég veit strax hvaða kúlu ég ætla að taka en tek mér samt minn tíma í að taka hana upp. Þegar ég er búinn að strjúka öllum kúlunum sting ég puttunum hægt og rólega í götin og um leið og þeir eru komir inn þá rykki ég hendinni upp eins snögg og ég get og

¹ Sjá nánar McRobbie, 2009, einkum kafla 5.

réttri kúluna beint upp i loftið. Á því andartaki fæ ég yfirleitt klapp frá öllum á staðnum (bls. 28).

Þetta er paulæft og áhersla greinilega á kynþokka og að senda ákveðin skilaboð um að hér fari maður sem ber sig eins og sannur karlmaður; meðvitaður um útlit sitt, kynþokkafullur, veit hvað hann vill og hvernig á að gera hlutina. Auðvelt er að líta á þessa lýsingu sem myndlíkingu fyrir það hvernig alvöru karlmenn bera sig að við að velja sér konur og stunda kynmök. Kynmök virðast enda spila stóra rollu í lífi alvöru karlmanna.

Alvöru karlmenn virðast hafa kynlíf á heilanum og þurfa að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra á því sviði. Þess vegna mega þeir ekki drekka of mikið því prinsessum þykja í karlmenn, slefandi af áfengisdrykkju, „... ekkert hrikalega sexy ...“ (bls. 58) og markmiðið er alltaf að „... loka kvöldinu með stæl ...“ (bls. 58). Það sama á við um reykingar. Þær eru ekki „sexy“ og stelpur „... hafa engan áhuga á mönnum sem reykja“ (bls. 76). Egill fjallar víða um hvernig eigi að bera sig að við að ná í konur til að sofa hjá. Í því samhengi bendir hann á þá möguleika sem „... online „kvennabúrin“...“ (bls. 102) á netinu hafi opnað. Þar er markmiðið að koma á samskiptum við hitt kynið og þá er „[h]álfur sigurinn unninn. Búðu svo til tvo dálka á msn-inu. Annar yfir ólokuð verkefni og svo lokuð verkefni“ (bls. 102). Það er greinilega magnið sem skilur alvöru karlmenn frá „rasshausunum“ og ekki er tilvísunin í sölutækniórðfærið – að loka samningum – síður áhugaverð (Nýsköpunarmiðstöð Íslands, e.d.).

Þrátt fyrir metrókarlmennskuna sem birtist hjá Agli, meðal annars í snyrtimennskunni og heimsborgarabragnum, blandast þarna saman við hefðbundin hugmynd um karlmennsku þar sem skilaboðin eru að karlar eigi að hafa fullkomna stjórn bæði á líkama sínum og tilfinningum. Líkaminn er þjálfaður til að uppfylla kröfurnar og segir til um hversu mikla stjórn þeir hafa. Stjórnin nær jafnvel til „litla herforingjans“ sem hægt er að skipa niður (ef hann skyldi ekki fullkomlega lúta stjórn) með því einu að ímynda sér „... Egil Helgason á g-streng“ (bls. 11). Tilfinningasemi er bönnuð og alvöru karlmenn láta það ekki fréttast að þeim líði illa. „Ef síminn hringir og þér líður ógeðslega illa FELDU það ... þó þú sért alveg á hrikalegum bömmur ... feikaðu það“ (bls. 80). „Það er öllum sama þó þú hafir átt hræðilegan dag, sért með hausverk og allt sé ömurlegt. Haltu því fyrir sjálfan þig“ (bls. 22).

Hommafóbían er heldur ekki langt undan hjá alvöru karlmönnum og kemur víða fram. Til dæmis er alveg bannað að láta sjá sig í Gay Pride göngu og í ræktinni eru menn hvattir áfram með frösum eins og „pump that shit faggot“ og „come on vagina-boy“ (bls. 87).

Menntun og vinna

Viðhorf til menntunar og vinnu leika ekki mjög stórt hlutverk í bók Egils um karlmennsku. Á einum stað er reyndar minnst á nám og vinnu og þá í sambandi við blökkumenn. Þar segir Egill: „Ég er gjörsamlega heillaður af sumu í menningu blökkumannsins. Þeim er skítsama um nám og þeir nenna ekki að vinna ...“ (bls. 27). Á öðrum stað segir hann:

... að sjálfsgöðu skiptir menntun máli, að vera duglegur er lykilatriði í þessu eins og öðru. Jafnframt skiptir metnaður miklu máli! En þetta kemur þér bara x-langt. Á ákveðnum tímamarki, ef þú vilt ná lengra, þarftu að læra að sleikja rassgöt (bls. 14).

Að sleikja rassgöt felst til dæmis í því að læra að stjórna yfirmanninum og spila með hann. Sýna þarf áhugamálum hans áhuga sama hver þau eru „... badminton, hommaklám og enski boltinn“ (bls. 14). Þá skiptir engu þín persónulega skoðun á því hvort um sé að ræða eitthvað sem samfélagslega telst almennt óásættanlegt, eins og ofbeldisfullar

klámmyndir þar sem slökkvitæki er troðið upp í rassinn á einhverjum (bls. 14). Öll áhugamál yfirmannsins ber að stúdera gagnrýnislaust og vera vel með á nótunum. Egill gefur einnig greinargóða lýsingu á því hvernig best sé að sýna yfirmanninum að maður hafi leiðtogahæfileika. Hann segir:

... þegar ég vissi að [lagerstjórinn] var kominn á svæði þar sem hann heyrði í mér þá öskraði ég á **Stjana feita** lyftaramann: „**STJÁNI! Ertu með frómas í hausnum?... Drullastu til að taka þá niður eða ég sting þessum fataskáp upp í rassgatið á þér, kapish!**“ (bls. 17) (leturbreytingar hans).

Leiðtogahæfileikar virðast sem sagt felast í því að gera undirmönnum ljóst með hávaða, látum, niðurlægjandi athugasemdum og hótunum að þú hafir völdin. Það virðist leyfilegt og réttlæt看legt að tala þannig við aðra karla þegar þeir eru ekki alvöru karlmenn. Alvöru karlmenn þekkjast á því að þeir hafa fullkomna stjórn á líkamanum.

Undirskipan annarrar karlmennsku

Ekki eru allar birtingarmyndir karlmennsku leyfðar. Tvær tegundir karlmennsku eru ítrekað tilgreindar sem undirskipaðar. Annars vegar er það *Æsufellsliðið*² og er víða vísað til þess í ýmsu samhengi. Egill segir að ef menn geri eitthvað hallærislegt gætu þeir „... alveg eins haldið á skilti sem stendur á „... Ég á heima í *Æsufelli 24*“. Ekki vera white trash drasl“ (bls. 25). Svo er heldur ekki sama hvernig menn bera sig: „Ekki draga hælana eftir götunni, niðurlútur, ógirtur og ógeðslegur. Ef þú vilt bara stunda mök með *Æsufellsliðinu* haltu því þá áfram. Klassapíur líta ekki við slíkum lúðum“ (bls. 113).

Hinn hópurinn sem Agli virðist í sérstakri nöp við eru „krúttin“ eða listaspíur úr 101 Reykjavík. Það er á hreinu að „krúttin“ eru ekki alvöru karlmenn enda að hans sögn:

... illa til hafðir einstaklingar yfirleitt og virðist það nánast partur af lúkkinu eða ímyndinni að vera sem ógeðslegast. Þetta lið, sem ég kalla nú yfirleitt bara drasl, reynir að skera sig úr með því að vera í 1500 króna úlpu, með húfu og vettlinga og órökuð æxlunarfæri (bls. 68).

Og eins og hann segir sjálfur þá velja dömurnar:

... frekar sexý gæja en krútt. Og ef kona á að velja á milli gæja sem er gáfaður eða fyndinn þá vinnur fyndni gæinn ALLTAF. Gæjar sem eru gáfaðir OG krútt, þeir eru með tennisolnboga á hægri hönd og sigg í lófum sökum sjálfsfróunar (bls. 104).

Þarna virðist sem sagt vera kominn sá hópur karlmanna sem keppir við alvöru karlmenn um hylli prinsessanna. Undirskipan þeirra er réttlætt fyrst og fremst með væskilslegum líkamsvexti og skorti á hreinlæti og kímningáfu.

Undirskipan kvenna

Undirskipan kvenna kemur fram á mýmörgum stöðum í bókinni. Klassísk staðalmynd af konum er dregin upp og ekki sérstaklega falleg. Konur eru einfaldlega verkefni sem annað hvort hefur tekist að ljúka eða ekki. Þær eru undirskipaðar karlmönnum og mikilvægt að láta þær „... aldrei draga sig niður á [þeirra] level ...“ (bls. 103). Eins og kvenna er von og vísa láta þær fyrst og fremst stjórna af tilfinningum og umhyggjueðli

² *Æsufellið* er gata í Efra-Breiðholti í Reykjavík. Það hverfi hefur það orð á sér að vera einhvers konar gettó eða vandamálahverfi Reykjavíkur þar sem einkum búi fólk á framfæri Félagsmálastofnunar, einstæðar mæður og innflytjendur. Egill notar *Æsufellsliðið* sem samnefnara fyrir ákveðna samfélagshópa sem hann telur tilheyra neðsta þrepi samfélagsstigans.

sínu og eru ekki mjög rökvisar. Það er því auðvelt að spila á tilfinningar þeirra og móðureðli:

Kellingar elska börn. Ef þú þarft að kvarta gefðu þá þjónustudömunni merki með handabendingu ... og segir lágt ... „Fröken, veistu hvað það er langt í matinn? Ég þarf nefnilega að sækja litlu þriggja ára frænku mína sem er veik úti á flugvelli og er því svolítið tímabundinn.“ ... Henni á eftir að finnast þú vera algjört krútt, hlaupa inn í eldhús og henda pöntuninni þinni fremst í röðina (bls. 19).

Egill hefur iðulega verið spurður um meinta kvenfyrirlitningu sína en hann hefur ítrekað neitað slíku og nefnir sem dæmi að hann tali iðulega um konur sem prinsessur. Í bókinni kemur aftur á móti fram að ekki eru allar konur prinsessur heldur flokkar hann konur í tvo flokka: prinsessur eða dömur og kellingar eða drasl.

Ásgeir Kolbeins sagði mér að kellingar séu allar hrikalega horny í þynnkunni. Því er tilvalið að reyna að draga eitthvað drasl yfir. Á sunnudögum viltu ekki fá konu barna þinna yfir, þú vilt fá einhverja sem þarf ekki endilega að vera með 160 í greindarvísitölu (bls. 79).

Prinsessurnar sem eitthvað vit hafa í kollinum og gætu hugsanlega verið eiginkonuefni fá sem sagt betri meðferð en hinar sem eru ekkert merkilegri en rusl. Og fáir bera víst virðingu fyrir rusli. Eins telur hann kellingar upp til hópa auðfengnar og það dugi að „... senda eitt sms og korteri seinna heyrir bílhurð lokast, dyrabjöllu hringt og þú ert kominn með eina bónaða³ á stofugólfíð hjá þér“ (bls. 102). Þessar konur eru samkvæmt Agli með kynlíf á heilanum og alltaf til í tuskið. Sem dæmi eiga þær „... eftir að hrista eina þegar þær sjá þig beran að ofan sveittan við að skipta um dekk“ (bls. 30). Hann virðist hér vísa til þeirrar skoðunar að konur geti einfaldlega ekki hamið sig þegar þær hitta fyrir alvöru karlmann. Þetta á sérstaklega við þegar „... kellingar hellast⁴ vel upp [þá] fara þær að smassa⁵ þig og þá þarft þú að standa þig“ (bls. 65). Jafnvel háklessa prinsessur sem eru efniviður í eiginkonur og sæmilega vel gefnar virðast hugsa fyrst og fremst um útlitið: „Konan þín er með jafn mikið keppnissskap núna og áður en þið kynntust og hún þarf að vera í fremstu röð! Þannig átt þú að hrósa henni fyrir nýju skóna, töskuna, varalitinn og sérstaklega nýju gallabuxurnar“ (bls. 21). Þetta er í samræmi við kenningar Söndru Lee Bartky (2003) að undirskipan kvenna sé réttlætt með því að gera lítið úr áhuga þeirra á fötum og útliti þrátt fyrir að útlitskröfurnar séu frá karlmönnum komnar.

Kynþáttafordómar

Sérstakur kafli er um það hvernig tala á við blökkumenn. Egill mælir sérstaklega með því að allir eigi „... 1–2 svarta vini. Þá sjá dömurnar að þú ert fordómalaus og það finnst þeim frábært“ (bls. 26–27). Egill dregur upp skýra mynd af blökkumönnum og ber framkomu þeirra við konur og viðhorf til menntunar, vinnu og frammistöðu á kynlífssviðinu saman við karlmenn úr öðrum minnihlutahópum:

Í menningu blökkumannsins er eðlilegt að kalla konur bitches and ho's ... því í menningu blökkumannsins skiptir miklu máli að koma fram við konuna sína eins og drasl ... þeim er skítsama um nám og þeir nenna ekki að vinna en eru mjög duglegir í kellingunum. Hinsvegar er Asíubúinn mjög duglegur að mennta sig og vinna en lélegur að stunda kynmök (bls. 27).

³ Bónaður – hárlaus. Vísar til þess að vera með hárlaus kynfæri.

⁴ Hellast upp – verða fullur.

⁵ Smassa – senda sms-skeyti.

Það sem skipar karlmennsku svartra karla ofar karlmennsku annarra minnihluta-hópa byggist á meintri undirskipan kvenna í menningu þeirra og dugnaði á kynlífs-sviðinu.

Ofbeldi

Þótt Egill mæli ekki með líkamlegu ofbeldi þá virðist ákveðið ofbeldi vera „eðlilegt“. Það jákvæða við að vera í tjaldi á Þjóðhátíð í Eyjum er til dæmis að „... þá hittirðu kellingar sem eru að sippa⁶ sig um miðjan daginn. Þær gætu vafrað framhá tjaldinu í einhverju rugli, séð þig og endað á að hamra⁷ kallinn“ (bls. 64). Strákar virðast líka geta sjálfum sér um kennt verði þeir fyrir ofbeldi drukknir. „Veistu hvað gerist ef þú deyrð áfengisdauða niðri í Dal? Þú færð undantekningarlaust eitt og annað í rassinn á þér: Tjaldsúlu, tjaldhæl, kókflösku eða slökkvitæki“ (bls. 65). Þannig virðist það vera nokkuð sjálfsagt að notfæra sér ölvunarástand fólks og virðist misbeitingin á ábyrgð þeirra sem eru drukknir en ekki gerandans.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það óbeina ofbeldi sem Egill hvetur til í garð kvenna og undirskipaðrar karlmennsku. Um það hafa þegar fjölmörg dæmi verið nefnd. Dæmi um klámvæðinguna má líka víða finna. Egill telur til dæmis að allir alvöru karlmenn fari einhvern tíma á lífsleiðinni á nektarstaði og að slíkt sé „... nauðsynlegur liður í þroska hvers heimsborgara“ (bls. 54). Það eru bara menn „... með leggöng eins og Steingrímur J. Sigfússon sem eru á móti strippbúllum ...“ (bls. 54). Annað lítið dæmi er að finna í kaflanum *Hvernig á að haga sér á msn og facebook*. Þar talar Egill um að gera þurfi tvo dálka á msn, annan fyrir ólokuð verkefni en hinn fyrir lokuð. Hann kemur svo með dæmi um hefðbundið spjall við prinsessu. Fjórða svar hinnar ímynduðu prinsessu sem Egill ræðir við í fyrsta sinn hljóðar svo: „Já nkl marr þúrt sko GEGT massaður híhí, það væri gegt ekki að fara í dögy með þér sko híhí“ (bls. 103). Svona til útskýringar er það sem sagt draumur hennar að hafa kynmök eins og hundar við mann sem hún hefur aldrei hitt. Velta má fyrir sér í ljósi orðfæris konunnar hve gömul hún eigi að vera eða hvort konur séu yfirleitt svona einfaldar og barnalegar í huga höfundar? Í það minnsta virðist samtalið gefa til kynna að hún sé kynferðislega virk, hún hreinlega biður um kynlíf. Er verkefnið, sem loka á, kannski alls ekki fólgið í því að koma sér upp lista yfir prinsessur sem borin er virðing fyrir heldur yfir konur sem hægt er að kalla til með einu sms-i og fá bónaða inn á gólf í þynnkunni? Eru konur kannski flestar bara drasl sem enga virðingu þarf að bera fyrir og er það réttlætánlegt vegna þess að þær eiga þann draum heitastan að hafa mök við alvöru karlmenn og biðja ekki um neitt meira?

Niðurstöður og umræður

Mikilvægt er að auka jafnrétti og réttlæti í samfélaginu. Ýmsir í fræðasamfélaginu telja að í viðteknum hugmyndum um karlmennsku sé að finna einn þeirra háu þröskulda sem komi í veg fyrir eða tefja þróun mála í þá átt. Karlmennska er félagslega mótað hugtak og áhrifavald ýmissa stofnana, svo sem fjölmiðla, getur verið mikið í þeirri mótun. Bók Egils Einarssonar, *Mannasiðir Gillz*, var ein af mest seldu íslensku bókunum fyrir jólin 2009. Yfirlýst markmið bókarinnar er að búa til fleiri herra menn og fækka „rasshausum“. Það má því líta á bókina sem kennslubók í ákveðinni tegund karlmennsku. Bókin hefur vakið mikla athygli og fjölmiðlar verið duglegir við að kynna höfundinn, hugmyndafræði hans og tengja við heilsusamlega lífshætti. Með þeirri athygli hafa fjölmiðlar, sem valdamiklar stofnanir í samfélaginu, gefið hugmyndafræði Egils mikið lögmæti.

Í rannsókninni var leitað svara við þremur spurningum. Í fyrsta lagi hvaða hugmyndir um karlmennsku birtast í bókinni *Mannasiðir Gillz*. Í öðru lagi hvaða áhrif þær hugmyndir

⁶ Drekka áfengi.

⁷ Ríða.

gætu haft á þróun karlmennskuhugmynda ungra drengja og í þriðja lagi á hvern hátt þær gætu unnið gegn jafnréttishugmyndum. Hér á eftir verða dregin saman svör okkar við þessum spurningum.

Karlmennskan byggist á yfirborðinu á heilbrigðu líferni og góðum siðum. Hlutverk grínsins er síðan að setja efnið í skemmtilegan búning sem allir geta skilið og haft gaman af nema kannski teprur eins og femínistar og „karlar með leggöng“. Á bak við grínið leynist hins vegar orðræða sem er uppfull af óbeinu ofbeldi þar sem niðurlægjandi mynd er ítrekað dregin upp af konum auk þess sem klámvæðingin tröllríður (svo notað sé orðfæri Egils) textanum.

Þótt Egill hafi verið nefndur sem viðmið hjá ákveðnum hópi drengja (Fréttatíminn, 2011) þá er rétt að hafa í huga að karlmennska Egils er þess eðlis að allir hvítir, gagnkynhneigðir, ófatlaðir og helst fyndnir karlar geta orðið sannir karlmenn. Aldur, stétt, starf, menntun og gáfnafar takmarkar ekki hópinn. Þeir virðast því vera margir sem gætu séð kosti þess að taka upp alla eða í það minnsta ákveðinn hluta karlmenskunnar. Því má telja líklegt að hún geti haft umtalsverð áhrif á hugmyndir margra drengja og karla um „sanna“ karlmennsku.

Karlmennskan sem Egill Einarsson kynnir hefur mörg sameiginleg einkenni með þeirri karlmennskuhugmynd sem kölluð hefur verið metró-karlmennska. Mikil áhersla er á útlit og ýmislegt leyfilegt sem gæti talist kvenlegt fremur en karlmannlegt. Þess konar karlmennska virðist vel til þess fallin að útvíkka hugmyndir um karlmennsku og gefa körlum aukið rými til að velja „mýkri“ leiðir í lífinu.

En hún ber einnig merki þess sem Connell kallar viðskiptakarlmennsku sem tilkomin er vegna ótta og óöryggis í hnattvæddum heimi þar sem yfirburðarstöðu karlmanna er ógnað. Það sem einkennir hana er að karlar reyna að stjórna líkama sínum og tilfinningum á sama hátt og fyrirtæki. Líkt og virði fyrirtækja er metið út frá fjárhagslegum hagnaði er virði karlmenskunnar metið út frá því hversu vel hefur til tekist við að ná stjórn á líkama og tilfinningum.

Þegar á heildina er litið virðist hér vera á ferðinni karlmennska sem líkist metró-karlmennsku. Það ætti að gefa körlum aukið svigrúm til að velja. Aftur á móti virðist okkur sem óöryggis gæti vegna kvenlegra þátta í þeirri karlmennsku. Reynt er að berjast við óöryggið með því að leggja ofuráherslu á stjórn líkama og tilfinninga. Svo virðist sem áhersla á fjölda kynferðislegra sigra, áberandi hommafóbia og undirskipan annarrar karlmennsku, kvenna og minnihlutahópa beri merki ótta við að glata karlmenskunni.

Það er greinilegt að kvenlægni metró-karlmenskunnar ógnar karlmennskuhugmyndum Egils. Til mótvægis er því lögð ofuráhersla á þætti sem falla undir hefðbundna karlmennsku, svo sem líkamlegan styrk, tilfinningalega fjarlægð og gagnkynhneigð. Líkamlegi styrkurinn er undirstrikaður með áherslu á vöðvamassa. Gagnkynhneigðin er ítrekuð aftur og aftur með ofuráherslu á kynþokka sem virkar á konur, kynferðislega sigra og hommafóbiu. Aldrei má sýna veikleikamerki eða tilfinningar. Reyndar virðast tilfinningar hreint ekkert koma samskiptum kynjanna við.

Yfirskipan karlmenskunnar er réttlætt með því að vísa til stéttar, kynþáttafordóma og staðalmynda. Slíkt er í samræmi við kenningar Walby um kynjakerfið þar sem karlar og hið karllæga eru ráðandi. Eins og Connell bendir á eru það síðan fjölmiðlar og aðrir menningarmiðlar sem styrkja karlmenskuna með mikilli umfjöllun af ýmsum toga. Kenningar Gramsci gera einmitt ráð fyrir að yfirburðahópurinn réttlæti yfirráð sín með tilvísan til almannaálitsins sem birtist í fjölmiðlum og menningu meðal annars.

Undirskipunin er svo ítrekuð og fest í sessi með niðrandi ummælum, neikvæðum staðalímyndum og uppnefnum.

Hlutgerving kvenna virðist nær alger og smituð af klámvæðingunni. Konur eru upp til hópa annað hvort drasl eða prinsessur. Staðalmyndir eru oft notaðar til að réttlæta undirskipan kvenna og Egill er duglegur við að draga upp myndir af konum sem trúgjörnum, einföldum og tilfinninganæmum verum. Textinn er gegnsósa af tilvísunum í konur sem eru alltaf til í tuskið og geta hreinlega ekki hamið sig þegar þær rekast á alvöru karlmenn.

Connell og Ingólfur Ásgeir telja báðir að ríkjandi karlmennska sem byggist á undirskipan kvenna geti ýtt undir hegðun og viðhorf sem geti valdið körlum margvíslegum skaða og komið í veg fyrir jafnrétti og félagslegt réttlæti. Ingólfur nefnir beint ofbeldi, svo sem nauðganir, óbeint ofbeldi í formi grófs tals karla um konur sem kynverur, klám og klámvæðingu. Karlmennskuorðræða Egils er gegnsýrð af klámvæðingu og þar er óbeinu ofbeldi, í formi niðurlægjandi orðræðu með vísan til staðalmynda, beitt til að ítreka og réttlæta „notkun“ og undirskipun kvenna. Karlmennskuhugmynd Egils virðist því fyrst og fremst líkleg til að ýta undir skaðlega karlmennsku.

Í karlmennskuorðræðu Egils er aldrei minnst á ást, virðingu eða tilfinningalega nánd. Karlar fá því ekki að sýna þessar mannlegu tilfinningar. Meginmarkmið kurteislegrar og fagaðrar framkomu virðist vera að sýna yfirburði og fá vilja sínum framgengt en ekki að sýna í orði og á borði raunverulega virðingu. Tilgangur þess að sýna kurteisi virðist eingöngu vera að lágmarka líkur á árekstrum. Þarna er á ferðinni alger sjálfhverfa, þar sem áætlanir þínar og vilji er það eina sem skiptir máli. Allt sem sagt er og gert krefst undirskipunar annarra hópa og á þann hátt hindrar þessi hugmynd þróun í jafnréttisátt. Það ætti að vera hægt að kjóta sig, tóna og tana og raka á sér punginn en bera samt virðingu fyrir fólki og vera jafnréttissinni. Tilfinning okkar eftir lestur bókarinnar er þó sú að það eitt og sér dugi ekki til. Í orðræðunni kemur skýrt fram að alvöru karlmenn eru yfirskipaðir og jafnréttishugtakið því víðsfjarri. Því er líklegt að áhrif þessarar karlmennsku hafi neikvæð áhrif á þróun í jafnréttisátt.

Eftir bókinni voru gerðir vinsælir þættir sem voru sýndir á Stöð 2 (Finnur Torfi Gunnarsson munnleg heimild, 29. mars 2011) og auk þess hafa nýlega verið gefnir út dvd-diskar með þáttaröðinni (Egill Einarsson, 2011). Allt þetta bendir til mikilla vinsælda og segir okkur að samkvæmt kenningum um ríkjandi karlmennsku sé þessi karlmennska líkleg til að hafa áhrif á karlmennskuhugmyndir.

Ef marka má niðurstöður McRobbie þá má vel velta því fyrir sér hvort það skipti öllu máli hvort um er að ræða grín eða alvöru og hvort börn og unglingar geti greint þar á milli. Særandi og haturfull orð sögð í alvöru hafa oftast neikvæðar afleiðingar fyrir þann sem hefur þau eftir. Það sama gildir ekki séu orðin sögð í gríni. Grínið leyfir okkur það sem annars er bannað. Fjölmíðlar lögmæta og staðfesta þetta leyfi og geta stuðlað að því að þessi orðræðuhefð verði viðtekin á öllum sviðum samfélagsins. Ef það gerist má segja að áhrif gríns gætu orðið víðtækari en haldið hefur verið fram.

Niðurstöðurnar leiða okkur aftur að ástæðum þessarar rannsóknar. Egill „Gillz“ Einarsson er kynntur í fjölmiðlum sem táknmynd heilbrigðs lífsstíls. Það er í sjálfu sér jákvætt, sérstaklega á tímum þar sem hreyfingarleysi, offita og átraskanir eru orðin viðurkennd heilbrigðisvandamál (Jórlaug Heimisdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson, 2011). Með þessari jákvæðu ímynd fylgir þó karlmennskuhugmynd Egils sem kynnt hefur verið hér að framan. Það getur varla talist jákvætt, ekki síst í ljósi þess greiða aðgangs sem börn og unglingar hafa að þessari bók. Bókin er auðlesin og þykir fyndin. Auk þess má ætla að markhópurinn hafi stækkað enn frekar með sýningu þáttanna sem byggjast á bókinni. Það væri óskandi að bókaútgefendur, fjölmiðlar og aðrir þeir sem geta haldið á lofti

karlmennskuímyndum og gert þær eftirsóknarverðar veltu því fyrir sér hvert hlutverk þeirra er og hver samfélagsleg ábyrgð þeirra sé.

Það má vel vera að fullorðið fólk eigi auðvelt með að lesa þetta rit sér til „ánægju og yndisauka“ án þess að það festi enn frekar í sessi viðteknar hugmyndir um kynin og þar með hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Við aftur á móti veltum því fyrir okkur hver áhrifin gætu orðið á lítt mótaðan og ógagnrýninn huga unglingsdrengrja. Hafa þeir þær forsendur og þá æfingu í gagnrýnni hugsun sem nauðsynleg er til að átta sig á því hvað er grín og hvað ekki?

Við teljum að áhrif Egils og karlmennskuhugmynda hans hafi verið vanmetin og að þar hafi gagnrýnislaus umfjöllun fjölmiðla haft mikið að segja. Við viljum því undirstrika að gagnrýnni er ekki beint að persónu Egils Einarssonar heldur miklu frekar að því gagnrýnisleysi sem okkur virðist viðgangast í samfélaginu, ekki síst ábyrgðarleysi fjölmiðla. Það er von okkar að þessi grein hvetji fjölmiðla, foreldra og kennara til að taka þessi mál til gagnrýnnar umfjöllunar.

Heimildir

Auður Magnús Leiknisdóttir, Birgir Guðmundsson, Gerd von der Lippe, Guðmundur Ævar Oddsson, Margarita Jankauskaité, Martina Handler og Mirella Pasini. (2006). *Sports, media and stereotypes: Women and men in sports and media*. (Kjartan Ólafsson, ritstjóri). Sótt 20. október 2010 af http://www.jafnretti.is/D10/Files/sms_report_lokaloka.pdf

Árni Böðvarsson. (1983). *Íslensk orðabók* (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.

Bartky, S. L. (2003). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í R. Weitz (ritstj.), *The Politics of Women's Bodies: Sexuality, Appearance, and Behavior* (bls. 25–45). New York: Oxford University Press.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók. Upplýsingarit fyrir ungt fólk um jafnrétti kynjanna*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bókafélagið. (e.d.). Sótt 16. október 2010 af http://www.bokafelagid.is/?page_id=7

Carabine, J. (2001). Unmarried motherhood 1830–1990. A genealogical analysis. Í M. Wetherell, S. Taylor og S. J. Yates (ritstj.), *Discourse as data: A guide for analysis* (bls. 267–310). London: Sage.

Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.

Connell, R. W. (2005). *Masculinities*. (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.

Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society*, 19 (6), bls. 829–859.

Egill Einarsson. (e.d.). *Íslensk Öndvegisrit Gillz*. Sótt 12. nóvember 2010 af http://www.gillz.is/?page_id=2

Egill Einarsson. (2011, 22. mars). *Mannasiðir Gillz koma út á dvd núna á fimmtudaginn 24. mars!* Sótt 28. mars 2011 af <http://www.gillz.is/?p=1881>

Egill „Gillz“ Einarsson. (2009). *Mannasiðir Gillz*. Reykjavík: Bókafélagið.

Elfa Ýr Gylfadóttir. (2004). Kynlegir karlar: Karlmannsímmyndir póstmóðernismans. 19. júní, bls. 28–30.

Fjarþjálfun Gillz. (e.d.). *Um þjálfarann*. Sótt 24. febrúar 2011 af http://fjarthjalfun.is/?page_id=9

Forsætisráðuneytið. (2004). *Skýrsla um efnahagsleg völd kvenna*. Sótt 7. febrúar 2011 af http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnhasleg_vold_kvonna/EVKskýrsla.pdf

Francis, B. (2006). The nature of gender. Í Christine Skelton, Becky Francis og Lisa Smulyan (ritstj.), *The Sage handbook of gender and education* (bls. 7–17). London: Sage.

Fréttatíminn. (2011, 17. mars). *Flottustu skinkur Íslands og heitustu beikonsnáðarnir*. Sótt 12. apríl 2011 af http://www.frettatiminn.is/daegurmal/flottustu_skinkur_islands_og_heitustu_beikonsnadar_nir/

Fulcher, E. (2005). *What is discourse analysis?* Sótt af heimasíðu dr. Eamon Fulcher þann 15. nóvember 2010 af http://www.eamonfulcher.com/discourse_analysis.html

gegnir.is. *Niðurstöður*. Sótt 4. mars 2011 af http://gegnir.is/F/1XE66U64X7UKGHD9X3M1CEL4X3F2NNMUVNX41LU7PQNTQGBRH1-12005?func=full-set-set&set_number=070215&set_entry=000002&format=999

Gramsci, A. (1971). *Selections from prison notebooks* (Quintin Hoare og Geoffrey Nowell Smith þýddu). London: Lawrence & Wishart.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kyngervi*. Reykjavík: Háskólaútgáfa. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 178–195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999). Inngangur. Í Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (ritstj.), *Simone de Beauvoir: Heimspekingur, rithöfundur, femínisti* (bls. 7–23). Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvennafræðum: Háskólaútgáfan.

Jafnréttisstofa, Hagstofa Íslands, Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2010). *Konur og karlar á Íslandi 2010*. Sótt 7. febrúar 2011 af heimasíðu Jafnréttisstofu: http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Konur%20og%20karlar-2010.pdf

Jón Ársæll Þórðarson. (2008). *Sjálfstætt Fólk með Gillz – Part 1*. Sótt 24. febrúar 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=2lefmsgb74s&feature=related>

Jórlaug Heimisdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson. (2011). *Allt skiptir máli, einkum við sjálf!* Reykjavík: Lýðheilsustöð.

Logi Bergmann. (2009, 7. desember). *Logi í beinni – Egill "Gilzenegger" Einarsson (fyrri hluti)*. Sótt 24. febrúar 2011 af <http://www.youtube.com/watch?v=9Fffgl61298>

MaCombs, M. og Reynolds, A. (2002). News influence in our picture of the world. Í J. Bryant og D. Zillman (ritstj.), *Media effects: Advances in theory and research* (bls. 215–267). New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.

McRobbie, A. (2009). *The aftermath of feminism*. London: Sage Publications Ltd.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. (e.d.). *Sala*. Sótt 1. mars 2011 af <http://www.nmi.is/impra/stofnun-og-rekstur-fyrirtaekja/kominn-af-stad/sala/>

Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and femininities*. Maidenhead: Open University Press.

Pressan. (2010, 17. desember). *Auðmjúkur Gillz sér eftir öllu saman: Femínistar bjóða bara upp á að ég geri grín að þeim*. Sótt 30. júní 2011 af <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/audmjukur-gillz-ser-ef-tir-ollu-saman-feministar-bjoda-bara-upp-a-ad-eg-geri-grin-ad-theim?page=2&offset=50>

RÚV. (2009, 20. ágúst). Sótt 24. febrúar 2011 af http://dagskra.ruv.is/sdu/thattafaerslur/blajfar_eltir181/

Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999, 24. apríl). *Eðli kvenna í ritum heimspekinga: Frá Aristótelesi til Gunnars Dal*. Sótt 2. febrúar 2010 af mbl.is: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=463675

Sporthúsið. (e.d.). *Einkaþjálfarar Sporthússins*. Sótt þann 24. febrúar 2011 af: <http://sporthusid.is/index.php?option=content&task=view&id=17&Itemid=40>

Sørensen, A. D. (2003). *The mainstreaming of pornography in mass culture*. Sótt 29. september 2010 af <http://www.nikk.uio.no/?module=Articles;action=Article.publicShow;ID=586>

Vísir. (2011, 30. maí). Femínistafélagið: Konur í badminton gerðar að sýningargripum. Sótt 4. ágúst 2011 af <http://www.visir.is/feministafelagid--konur-i-badminton-gerdar-ad-syningargripum/article/2011110539906>

Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford: Blackwell.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsing eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 445–455). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2004). Kynbundinn launamunur: Umræðan um skýrðan og óútskýrðan launamun kynja í gagnrýnu ljósi. *Fléttur* (bls. 247–271). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.



Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/002.pdf>